

REGLUR

um tollmeðferð á heimilismunum manna sem flytja búferlum hingað til lands.

1. gr.

Heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands eru tollfrjálsir að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

- a. Viðkomandi hafi átt lögheimili og haft fasta búsetu erlendis a. m. k. næstu tólf mánuði áður en hann flytur til landsins.
- b. Um sé að ræða notaða heimilismuni sem hafi verið í eigu hans eigi skemur en eitt ár. Þó mega heimilismunir sem viðkomandi hefur átt í skemmri tíma vera að heildarverðmæti allt að 40 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað án nokkurs frádráttar á sköttum vegna útflutnings eða SDR 760. Fjárhæð þessi gildir fyrir hvern fjölskyldumeðlim sautján ára og eldri en helmingi lægri fjárhæð fyrir þá sem yngri eru. Við ákvörðun verðmætis einstakra hluta skal leggja til grundvallar reikninga og kvittanir þar sem verð hluta er sérstaklega tilgreint. Séu slík gögn ekki tiltæk skal við verðákvörðun miðað við smásöluverð sams konar eða svipaðra hluta í verslun hér á landi.
- c. Viðkomandi hafi muni þessa með sér er hann flytur búferlum eða flytji þá hingað eigi skemur en 6 mánuðum eftir að hann tók hér bólfestu eða öðlast hér lögheimili. Tollstjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem ef dvöl manns hér hefur í upphafi verið ákveðin einungis til skemmri tíma en framlengist síðan til varanlegrar búsetu.
- d. Við tollafgreiðslu munanna gefi innflytjandi skriflega skýrslu, í því formi sem ríkistollstjóri ákveður, um að skilyrðum samkvæmt liðum a-c sé fullnægt og þeir séu fluttir inn eingöngu til nota á heimili hans hérlandis.

Tollstarfsmenn geta krafist skilríkja um þau atriði sem um ræðir í 1. mgr., búsetuheimild innflytjanda hér á landi, fjölskyldu hans, atvinnu og annað sem máli getur skipt um það hvort skilyrðum um tollfrelsi samkvæmt reglum þessum sé fullnægt.

2. gr.

Tollfrelsi samkvæmt 1. gr. tekur ekki til neins konar búnaðar, véla eða tækja sem innflytjandi flytur með sér og notaður er við atvinnurekstur hans eða fjölskyldu hans.

Vélknúin ökutæki, svo sem bifreiðar, bifhjól, beltabifhjól, vélbátar, flugvélar og farartæki eins og seglbátar, svifflugur, svifdrekar o. þ. h. teljast ekki til heimilismuna samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 7. tl. 5. gr. laga nr. 55/1987, tollalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1988.

F. h. r.
Sigurgeir Jónsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg